



Reykjavíkurborg,
Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri,
Skóla- og frístundasvið,
Borgartúni 12-14,
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. ágúst 2018.
Sent í tölvupósti.

Efni: Andmæli Sigurðar Páls Óskarssonar, fjármálastjóra Ráðhúss, vegna beiðna skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um eineltisrannsókn.

Umbj. minn, Sigurður Páll Óskarsson, fjármálastjóri Ráðhúss og starfsmaður Reykjavíkurborgar, hefur falið mér að rita Reykjavíkurborg bréf þetta í tilefni af tölvubréfi sem barst frá mannauðsstjóra Skóla- og frístundasviðs hinn 17. ágúst sl. Í tölvubréfinu var umbj. mínum veitt færi á því að skila sjónarmiðum og andmælum skriflega varðandi beiðnir Helgu Bjargar Ragnarsdóttur, skrifstofustjóra, um rannsókn á meintri kvörtun umbj. míns á hendur henni um einelti. Með tölvubréfi mannauðsstjóra til undirritaðs lögmanns hinn 21. ágúst sl. var frestur til andmæla framlengdur til 31. ágúst 2018.

Af hálfu umbj. míns er óskað eftir að koma á framfæri eftirfarandi andmælum vegna tilvísaðra beiðna Helgu Bjargar Ragnarsdóttur, sem og athugasemdir vegna þeirrar málsmeðferðar sem fór af stað í kjölfar þess að umræddar beiðnir voru lagðar fram.

Umbj. minn gerir athugasemdir við það að honum hafi ekki fyrr verið send öll erindi Helgu Bjargar Ragnarsdóttur með beiðnum um rannsókn. Átelja verður þau vinnubrögð stjórnvaldsins, að umbj. minn þurfi sjálfur að eiga frumkvæðið að því að óska eftir því að fá umrædd erindi í hendur, benda sjálfur á að honum hafi ekki verið veittur andmælaréttur vegna þeirra beiðna og að hann þurfi að leggja sig sérstaklega fram um að óska eftir því að fá upphaflegt erindi Helgu Bjargar Ragnarsdóttur sent. Vinnubrögð Reykjavíkurborgar í málinu samræmast ekki góðum stjórnsýsluháttum og ákvæðum stjórnsýslulaga.

Stjórnsýslumál þetta fer af stað og er grundvallað á erindi Helgu Bjargar Ragnarsdóttur til borgarritara, dags. 22. apríl 2018, þ.e. erindi sem síðar var breytt af hálfu Helgu Bjargar, sbr. þau gögn og upplýsingar sem umbj. mínum hafa verið sendar. Í upphaflegu erindi Helgu Bjargar, sem ákvörðun borgarritara um rannsókn málsins byggði á, rekur Helga Björg að umbj. minn hafi lagt fram *kvartanir* um að hann hafi verið lagður í einelti af hennar hálfu. Þarna er rangt farið með, eins og umbj. minn hefur vakið athygli mannauðsstjóra og eineltisteymis á, sbr. m.a. bókun hans á fundi með eineltisteymi hinn 18. maí sl. og það sem fram kom í aðilaskýrslu hans fyrir dómi í héraðsdómsmálinu nr. E-3132/2017. Umbj. minn hefur aldrei lagt fram eineltiskvörtun í þessa veru. Þegar af þeirri ástæðu og eðli máls samkvæmt getur hann ekki verið aðili að stjórnsýslumáli því sem rekið er og varðar rannsókn á kvörtun um einelti. Undirritaður ítrekar því það sem fram hefur komið áður af hálfu umbj. míns, að með vísan til þessa mun umbj. minn ekki eiga frekari aðkomu að stjórnsýslumálinu, enda fær hann ekki séð hvaða skylda hvílir á honum hvað það varðar.

Í tilefni af framangreindu er einnig rétt að vísa til þess málatilbúnaðar sem Reykjavíkurborg hafði í frammi í umræddu dómsmáli, nr. E-3132/2017. Í greinargerð Reykjavíkurborgar í dómsmálinu, sem rakin er í dómi héraðsdóms, er byggt á því að á meðan umbj. minn (stefnandi málsins) hefði „hvorki lagt fram kvörtun né upplýst nánar í hverju hið meinta einelti yfirmanns hans fólst séu ekki forsendur til að bregðast sérstaklega við, eftir atvikum með því að virkja eineltisáætlun“. Framganga Reykjavíkurborgar nú, þ.e. að gangast í að rannsaka meint einelti, þrátt fyrir að engin kvörtun liggi þar til grundvallar, brýtur freklega í bága við þann málatilbúnað sem sveitarfélagið sjálft hafði í frammi í dómsmálinu. Stjórnsýslumálið nú er í algjörrri mótsögn við yfirlýsingar sveitarfélagsins fyrir dómi.

Í framangreindu tölvuskeyti mannauðsstjóra til undirritaðs lögmanns 17. ágúst sl. er rakið að Helga Björg Ragnarsdóttir hafi óskað eftir að fá afrit af öllum tölvupóstsamskiptum umbj. míns við borgarritara, settan starfsmannastjóra í málinu og annað starfsfólk sem að málinu hefur komið. Ekki verður séð í hvaða tilgangi þessi beiðni er sett fram. Þá er ekki tiltekið við hvaða tímabil er miðað í beiðninni, ef þá nokkurt. Þá gerir umbj. minn athugasemdir við að enn á ný fær hann ekki afrit sent af gögnum málsins, þ.m.t. beiðni þeirri sem Helga Björg hlýtur að hafa sent vegna þessa. Honum hefur heldur ekki verið veittur andmælaréttur vegna þeirrar beiðni. Stjórnsýsla Reykjavíkurborgar í þessu máli öllu er því í hreinu skötulíki.

Umbj. minn harmar það að nafn hans sé dregið inn í þá atburðarrás sem hefur verið í gangi vegna þessa máls og annarra í kjölfarið af uppkvaðningu dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli hans gegn Reykjavíkurborg. Með hliðsjón af öllu framanröktu skorar umbj. minn á Reykjavíkurborg að fella stjórnsýslumálið niður er varðar beiðnir Helgu Bjargar Ragnarsdóttur frá 22. apríl og 13. maí sl., enda eru augljóslega engar forsendur til þess að halda því áfram og láta rannsókn fara fram.

Virðingarfyllt,
f.h. Sigurðar Páls Óskarssonar,



Jón Sigurðsson hrl.